

Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2012 – 2013

unnin af
Eyjólfí Guðmundssyni
og
Hildi Þórsdóttur

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Innra mat	3
2.1	Framkvæmd á markmiðum skólasamnings.....	3
2.1.1	Samningur 2010-2012	3
2.1.2	Samningur 2013-2015	5
2.2	Kennitölur 2012 – 2013	7
2.3	Mat á virkni nemenda – vorönn 2013	10
2.4	Viðhorf fyrrum nemenda í FAS til skólans – haustönn 2012	10
2.5	Áfangamat nemenda – vorönn 2013.....	13
3	Ytra mat	15
3.1	Starfsandi í FAS.....	15
3.2	Vímuefnaneysla í FAS	15
	Lokaorð.....	15

1 Inngangur

Hér birtist sjálfsmatskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir skólaárið 2012-2013. Í henni er farið yfir og fjallað um það sjálfsmat sem unnið var í skólanum og var að best byggt á framkvæmdaáætlun sjálfsmats. Til viðbótar er nú í fyrsta skiptið í sjálfsmatskýrslu lagt mat á hvort og hvernig tókst að ná markmiðum sem sett eru fram í skólasamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið en sú umfjöllun hefur áður verið árskýrslu. Í loka hluta skýrslunnar er svo fjallað um það ytra mat sem fór fram á árinu. Skýrsluna unnu Hildur Þórsdóttir kennari við skólann og Eyjólfur Guðmundsson skólameistari sem sameiginlega héldu utan um sjálfsmatið á skólaárinu.

2 Innra mat

2.1 Framkvæmd á markmiðum skólasamnings

2.1.1 Samningur 2010-2012

Hér eru þau markmið samningsins tekin fyrir sem sett voru á haustönn 2012.

1. *Nám: Tekin verði upp ný námskrá og að starfsnám og verk- og listnám verði eftl*
 - a. *Að námið verði skipulagt út frá nýjum lögum um framhaldsskóla og nýrri aðalnámskrá*
 - i. *Að gengið verði frá nýju skipulagi á vorönn 2012*
 - ii. *Að nám samkvæmt nýju skipulagi hefjist á haustönn 2012*

Markmiðið um nýtt skipulag samkvæmt nýrri námskrá náðist ekki á haustönn 2012 en náðist á haustönn 2013. Verkið reyndist tímafrekara en gert var ráð fyrir.

- b. *Að þróað verði nýtt nám í fjallaleiðsögn í samvinnu við starfsgreinaráð ferðabjónustu, Ríki Vatnajökuls, Þekkingarnet Austurlands, Háskólasetrið á Hornafirði og hagsmunaaðila*
 - i. *Að námið verði tilraunkennt frá haustönn 2010 til vorannar 2012*
 - ii. *Að námið verði hluti af formlegu námi skólans frá og með haustönn 2012*

Nám í fjallamennsku varð formlegt nám við skólann á haustönn 2012 og því má segja að þetta markmið hafi gengið eftir.

- c. *Að komið verði á námi í fiskvinnslu við skólann undir merkjum Fisktækniskóla Íslands*
 - i. *Að myndað verði fagrað skólans, Þekkingarnets Austurlands og fiskvinnslufyrirtækja á Höfn á vorönn 2011*
 - ii. *Að nám í fiskvinnslu verði undirbúið á árinu 2011*
 - iii. *Að nám í fiskvinnslu verði í boði á vorönn 2012*
- d. *Að nám sem byggir á verkefna- og rannsóknarvinnu á þriðja þrepi náms verði eftl*
 - i. *Lokið verði við þróunarverkefnið FAS og grenndarsamfélagið á vorönn 2011 og unnið að áframhaldandi þróun í anda þess*
- e. *Að efla verk- og listnám við skólann til að auka fjölbreytileika náms og stuðla að vexti skapandi greina á svæðinu*
 - i. *Lokið verði við verkefnið FAS og grasrótarlistnám á vorönn 2011 og í kjölfarið verði reynslan metin og unnið að áframhaldandi endurbótum*
 - ii. *Að á árinu 2011 verði komið á samstarfi skólans og annarra fræðsluaðila á svæðinu með það í huga að móta heildstæða stefnu í verk- og listnámi á svæðinu frá leikskólum til fullorðinsfræðslu*

2. *Nemendur: Að auka virkni nemenda og ábyrgð á eigin námi*
 - a. *Að fundnir verði mælikvarðar á vinnu nemenda innan og utan kennslustunda á vorönn 2011*
 - b. *Að sett verði markmið á haustönn 2011 um aukna virkni nemenda*
 - c. *Að hækkað verði á samningstímanum það hlutfall nemenda sem vinnur innan skólans eftir skýru vikuskipulagi í námi utan kennslustunda*

Hlutfall þeirra sem vinna eftir skýru vikuskipulagi samanber lið c var ekki mælt á haustönn 2012 en á haustönn 2013 þegar ný námskrá var tekin upp þá var skipulagi vinnu utan kennslustunda breytt og um þær breytingar verður fjallað í næstu sjálfsmatskýrslu.

3. *Kennsla: Að auka menntun kennara og hækka hlutfall fastráðinna kennara*
 - a. *Að kennurum verði gert kleift að auka og viðhalda hæfni sinni samhliða kennslu*
 - i. *Talið verði hve margir kennarar stunda nám og sækja námskeið á hverri önn*
 - b. *Að kennurum verði gert kleift að ná sér í kennsluréttindi samhliða kennslu*
 - c. *Að fastráðnir réttindakennarar verði í öllum greinaflokkum og umfangsmiklum kennslugreinum á haustönn 2012*

Unnið hefur verið að því markmiði allan samningstímann að hækka hlutfall réttindakennara og það hefur að mestu náðst en þó hefur ekki tekist að finna og fastráða kennara í náttúrufræðigreinum.

4. *Stjórnun: Að auka lýðræði við stjórnun skólans bæði gagnvart starfsmönnum og nemendum*
 - a. *Að ábyrgðasvið og valdsvið hvers starfsmanns verði rætt og ákveðið fyrir upptöku nýs skipulags á haustönn 2012*
 - b. *Að ábyrgð og völd nemenda hvað varðar félagslíf þeirra verðið aukið*
 - i. *Að ánægja nemenda með félagslífið verði mælanlega meiri á haustönn 2011 en hún var samkvæmt mælingu í skólamati á haustönn 2010*

Markmið í a lið um að ræða og skilgreina ábyrgðasvið og valdsvið hvers starfsmanns náðist ekki fyrir haustönn 2012 og var ekki heldur unnið að því veturinn 2012-2013. Það gafst ekki tími til þess.

5. *Fjármál: Að rekstur skólans verði innan fjárheimilda og að gætt verði aðhalds í rekstri*
 - a. *Að farið verði yfir rekstrarliði utan launa með það í huga að spara með því að leita eftir samvinnu við aðila utan stofnunar*
 - b. *Vinnuskipulag kennara verði rætt og skoðað hvort hækka megi árslaun kennara með því að fjölga vinnudögum.*

Í fyrsta skiptið í mörg ár tókst ekki að halda rekstri skólans innan fjárheimilda. Það var einkum vegna þess að of mikil vinna fór í ýmis konar þróunarvinnu, meðal annars vegna nýrrar námskrár. Einnig var skólanum í upphafi árs úthlutað verulega meira fjármagni til sérkennslu en hann átti að fá sem þó kom ekki í ljós fyrir en við uppgjör ársins í janúar 2013.

6. *Samstarf: Að standa vörð um og rækta það samstarf sem er í gangi*
 - a. *Samstarf við aðra í Nýheimum*
 - b. *Samstarf við sveitarfélagið Hornafjörð*
 - c. *Samstarf við aðra framhaldsskóla á Austurlandi*
 - d. *Samstarf við Tækniskólann*
 - e. *Samstarf við Fisktækniskólann*

- f. *Samstarf við fyrirtæki og félag á Suðausturlandi um þróun náms*
- g. *Samstarf við Fjölbrautaskóla Norðurlands-vestra, Menntaskólann á Tröllaskaga og Háskólann að Hólum um þróun ferðapjónustu*
- h. *Annað tilfallandi samstarf svo sem um fjarnám og fjarkennslu*

Vel hefur gengið á undanförunum árum að viðhalda, þróa og byggja upp samstarf af ýmsum toga við skólann. Á haustönn 2012 var markvisst unnið að stefnumótun fyrir Nýheima til 10 ára. Samstarf við leikskóla, grunnskóla og Tónskólann um grunnþætti menntunar samkvæmt nýrri námskrá var einnig mikið en að því var unnið í sérstöku þróunarverkefni sem fékk heitið *Lærdómssamfélagið í Hornafirður*. Samstarf við aðra framhaldsskóla jókst einnig og þá einkum við Menntaskólann á Tröllaskaga og Framhaldsskóla Snæfellinga.

2.1.2 Samningur 2013-2015

Hér verða tekin fyrir þau markmið sem sett voru fyrir vorönn 2013.

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2015 milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu.

Meginmarkmið:

1. *Klára endurskoðun aðalnámskrár á vorönn 2013*
 - a. *Birta og taka upp skólanámskrá sem er í samræmi við almennan hluta aðalnámskrár, frá haustönn 2013*
 - b. *Ósk eftir staðfestingu á öllum námsbrautum á vorönn 2013, enda verði þær allar komnar í námskrárgrunn*
 - c. *Klára endurskoðun á sjálfmatskerfi á haustönn 2013 og vinna eftir því frá skólaárinu 2013-2014*

Í febrúar var send inn umsókn um að hefja kennslu samkvæmt nýrri námskrá á haustönn 2013 en námsbrautir voru þó ekki settar inn í námskrárgrunn enda var hann seinna tilbúinn en gert hafði verið ráð fyrir að hálfu ráðuneytis.

2. *Auka listnám, verknám og skapandi greinar í FAS í samvinnu um Vöruhúsið, á árinu 2014.*

Töluvert var unnið í þessu markmiði þó það hafi verið sett á árið 2014. Í stefnumótun Nýheima var þróun Vöruhússins sett sem eitt af þremur meginmarkmiðum næstu tvö árin. Framboð skólans í verk- og listgreinum jókst einnig verulega með tilkomu nýrrar námskrár á haustönn 2013 og undirbúningur fyrir það átti sér einkum stað á vorönn 2013.

3. *Starfsnám í samvinnu við aðra framhaldsskóla:*
 - a. *Halda áfram samræðum við framhaldsskóla á Austurlandi og mætt um myndfundabré með það að markmiði að aðgangur að búnaðinum verði að veruleika á árinu 2013*

Málið var tekið upp á skólafundi á vorönn en náðist ekki að ljúka því á önninni.

- b. *Árið 2013 verði leitað eftir samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Menntaskólann á Tröllaskaga um nám í fiskvinnslu.*

Komið á óformlegt samstarf við ofangreinda skóla og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra um fiskvinnslunám.

- c. *Komið á námi í fiskvinnslu árið 2014*
- d. *Komið á samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki á Suðausturlandi á vorönn 2013 með það að markmiði að vinna að menntastefnu í ferðaþjónustu.*

Unnið var að þróunarverkefni á þessu sviði frá haustönn 2012 til vorannar 2013, sem var styrkt af menntamálaráðuneytinu.

- e. *Námskeiðahald í samræmi við menntastefnu ferðaþjónustufyrirtækja árin 2013 og 2014*
- f. *Komið á almennu námi í ferðaþjónustu árið 2015 sem byggir á menntastefnu fyrirtækja og námskeiðahaldi 2013 og 2014*
- g. *Koma á samstarfsvettvangi framhaldskólanna frá Húsavík að Hornafirði á árinu 2013 með það að markmiði að meta og endurskoða samstarf*

Unnið var að útvíkkun þessa samstarfs undir merkjum Fjarmentaskólans sem leiddi til samstarfs sjö framhaldsskóla á landsbyggðinni. Gefin var út samstarfsyfirlýsing þann 21. maí 2013.

„Fjölbrautaskóli Snæfellinga, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Framhaldsskólinn á Húsavík, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verkmenntaskóli Austurlands og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu lýsa yfir vilja sínum til að bjóða sameiginlega upp á fjarnám á framhaldsskólastigi undir merkjum Fjarmentaskólans með áherslu á sérgreinar starfsnámsbrauta. Jafnframt lýsa skólarnir yfir vilja til að gera formlegan samstarfssamning um fjarkennslu á framhaldsskólastigi með það markmiði að auka þjónustu við nemendur á starfssvæði skólanna og á landinu í heild.“

- 4. *Fjarnám til stúdentsprófs í samvinnu við aðra framhaldsskóla:*
 - a. *Á vorönn 2013 hafi FAS frumkvæði að samstarfi við FSN, MTR og ME um endurnýjun á umsókn um fjarnám til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði*
 - b. *Árið 2014 verið unnið að endurskipulagningu og útvíkkun á fjarnámi til stúdentsprófs í FAS*

Send var inn umsókn um áframhaldandi kennslu í fjarnámi til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði

- 5. *Fjallamennskunámið:*
 - a. *Óska eftir staðfestingu námsbrautarinnar á vorönn 2013*
 - b. *Koma á samstarfi við erlenda skóla um fjallamennsku á árinu 2014*


Send var inn umsókn um kennslu á námsbraut í fjallamennsku samkvæmt nýrri námskrá í febrúar 2013.

- 6. *Taka upp skráningarkerfi á brottfalli, frá vorönn 2013, í samræmi við eyðublað frá mmrn*

Markmiðið um að taka upp nýtt skráningarkerfi á brottfalli náðist á vorönn 2013.


2.2 Kennitölur 2012 – 2013

Í þessum kafla verða skoðuð þróun nemendaígilda, brottfalls, viðveru og einkunna undanfarin ár í skólanum með áherslu á að bera skólaárið 2012-2013 saman við árin á undan.




Mynd 1. Nemendaígildi við FAS eftir önnum

Nemendum hefur verið að fækka á undanförunum árum frá því hámarki sem var árið 2009. Sú þróun heldur áfram og nú er fjöldinn orðinn svipaður og hann var fyrir aukninguna 2009 (mynd 1).



Mynd 2. Brottfall í FAS frá hausti 2005 til vors 2013

Með fækkun nemenda hefur brottfallið einnig verið að minnka. Brottfallið minnkaði mikið árið 2010 og var svo svipað 2011 en hefur minnkað enn frekar árið 2012 og á vorönn 2013 er það komið niður í rúmlega 7% en var lægst 9% áður á vorönn 2012. Færri fjarnemendur og færri eldri nemendur í litlu námi er væntanlega aðalskýringin á minnkun brottfallsins en vonandi skýringin einnig sú að haldið sé betur utan um námið afhálfa skólans. Þetta hefur þó ekki verið metið með skipulögðum hætti (mynd 2).



Mynd 3. Meðaltal einkunna

Einkunnir á haustönn 2012 eru í nokkuð góðu samræmi við meðaltal undanfarinna ára. Einkunnir á vorönninni eru hins vegar umtals vert lægri. Hugsanlega má rekja hluta skýringarinnar til lélegri skila kennara á upplýsingum fyrir vorönnina en á haustönninni en sennilega er það þó ekki meginskýringarþátturinn því munurinn er mismikill eftir tegundum einkunna. Mestur er munurinn í munnlegum prófum og lokaeinkunnum en heldur minni í prófseinkunn og verkefnaeinkunn. Ekki liggur fyrir skýring á þessari lækkun meðaleinkunna en lækkunin verður rædd á fundum kennara skólans. Áhugavert verður að skoða hvort þessi breyting sé tilfallandi eða varanleg en það kemur í ljós næstu ár (mynd 3).

Veturinn 2012-2013 voru 72% þeirra nemenda sem áttu að mæta í tíma með 90% mætingu eða betri. Þetta er svipað og meðaltal undanfarinna ára sem er 70%. Ekki hefur tekist þrátt fyrir mikla vinnu og mikla áherslu á það að hækka þetta hlutfall. Áfram verður þó unnið að því og vonandi skilar það árangri með tímanum því þetta hlutfall er ekki ásættanlegt.

2.3 Mat á virkni nemenda – vorönn 2013

Á haustönn 2012 sköpuðust miklar umræður um virkni nemenda sem stunduðu nám í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu. Almenn óánægja var hjá kennurum á virkni nemenda, bæði í kennslustundum og utan þeirra. Þeir voru margir óvirkir í tímum, unnu verkefni illa, skiluðu ekki verkefnum og lærðu ekki fyrir utan kennslustundir. Ákveðið var á vorönn 2013 að ráðast í breytingar sem miðuðu að því að auka virkni nemenda innan kennslustunda og utan.

Það var í höndum hvers kennara að útfæra nýtt fyrirkomulag enda voru það mismunandi atriði sem kennarar vildu taka á. Þeir kennarar sem vildu auka virkni nemenda í tímum juku virknieinkunn til muna á meðan kennarar sem vildu taka á lélegum verkefnaskilum bjuggu til stífari ramma varðandi það. Í mörgum áföngum varð virkni í tímum hluti af námsmati. Einnig voru kennarar sem bútuðu nám niður í vikueiningar þar sem vinna nemenda og virkni var metin í viku hverri.

Í lok annar var rætt við sex kennara og þeir spurðir um breytingar á fyrirkomulagi náms og námsmats og áhrif þeirra á virkni nemenda og verkefnaskil. Svör kennara voru ekki afgerandi. Einn kennari talaði um mjög miklar jákvæðar breytingar hjá nemendum er varðar verkefnaskil. Aðrir kennarar voru ekki eins afgerandi. Flestir töluðu um að einhverjar breytingar hafi orðið til batnaðar en þær voru engan veginn afgerandi. Kennarar voru almennt sammála því að að halda áfram að þróa aðferðir til að auka virkni nemenda og verkefnaskil. Þó að breytingar hafi ekki verið afgerandi virtust þær vera einhverjar og því fannst kennurum almennt tilefni til að halda áfram þessari braut.

Á uppgjörsfundi í lok annar voru teknar frekari ákvarðanir um breytingar á vinnu nemenda utan kennslustunda. Var t.a.m. ákveðið að skylda nemendur til að mæta á lesstofu skólans í eina klukkustund fyrir hvern bóklegan áfanga. Árangur af þeirri ákvörðun verður metin á viðeigandi hátt.

2.4 Viðhorf fyrrum nemenda í FAS til skólans – haustönn 2012

Á haustönn 2012 var viðhorf fyrrum nemenda í FAS til skólans kannað. Í vísindaviku skólans hringdu núverandi nemendur í fyrrverandi nemendur skólans og lögðu fyrir þá spurningalista. Einnig sáu nemendur um að skrá gögn. Þátttakendur í könnuninni voru 95.

Tafla 1. Kyn og aldur fyrrum nemenda í FAS

Fæðingarár	Karlar	Konur
1960 - 1969	5	3
1970 - 1979	3	8
1980 - 1989	16	11
1990 - 1994	31	17

Flestir nemendur voru fæddir á árunum 1990 – 1994 eða 48, 27 voru fæddir á árunum 1980 – 1989 og 19 fæddir fyrir það (tafla 1). 40 nemendur voru í 6 annir eða fleiri við skólann og 50 voru í 1 – 5 annir. 54 nemendur luku námi sínu í FAS en 40 gerðu það ekki.


Nemendur voru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga er varða skólann almennt. Nemendur voru jákvæðir til skólans. Nemendur voru almennt sammála um að kennsla í skólanum , aðstaða

Tafla 2. Viðhorf fyrrum nemenda til FAS

	Mjög eða frekar sammála	Mjög eða frekar ósammála	Veit ekki eða vil ekki svara
FAS þjónar íbúum sveitarfélagsins vel	90	1	3
FAS er vel stjórnað?	76	11	7
Kennslan í FAS er góð	78	11	5
Aðstaðan í skólanum er góð	83	10	1
Andinn í skólanum er góður	81	9	4
FAS er vel kynntur	24	55	15
Félagslíf nemenda er gott	39	45	10

og andi væri góður, að FAS væri vel stjórnað og að FAS þjónaði íbúum sveitarfélagsins vel. Skiptar skoðanir voru um gæði félagslífs í skólanum og töldu meirihluti nemenda að FAS væri ekki vel kynntur (tafla 2).

Af þeim nemendum sem luku námi í FAS fóru 47% í háskólanám, 16% í nám á framhaldsskólastigi og 38% fóru að vinna eða að sinna öðrum viðfangsefnum (mynd 4).




Mynd 4. Hvert nemendur í FAS fór eftir að þeir luku námi í skólanum

Spurt var um hvernig námið í FAS hafi nýst nemendum eftir námslok. Nemendur virðast almennt þökkalega ánægðir með námið. Námið nýtist nemendum sem fóru út á vinnumarkað eða í annað framhaldsnám vel. Námið nýtist háskólanemum þó ekki eins vel og telja 57% nemenda að námið í FAS nýtist þeim þökkalega til háskólanáms (tafla 3).

Tafla 3. Hvernig nám í FAS nýttist fyrrum nemendum

	Vel	Þökkalega	Illá
Hvernig nýttist námið í FAS þér til háskólanáms?	8	17	5
Hvernig nýttist námið í FAS þér til annars framhaldsskólanáms?	6	3	1
Hvernig nýttist námið í FAS þér til vinnu eða annara viðfangsefna	13	5	5




Mynd 5. Helstu ástæður þess að nemendur hætta í FAS

Þeir nemendur sem ekki luku námi í FAS voru spurðir um ástæðuna. Í ljós kom að flestir nemendur hætta vegna takmarkaðs námsframboðs eða 31%. 21% nemenda langaði að fara annað eða hættu í námi. 17% nemenda taldi að skólinn væri ekki nógu góður og 5% nemenda nefndu félagslíf sem ástæðu eða löngun til að fara annað í nám (mynd 5).


2.5 Áfangamat nemenda – vorönn 2013

Á vorönn 2013 var áfangamat lagt fyrir nemendur. Leggja átti áfangamat fyrir nemendur í 52 áföngum en áfangamat í 23 áföngum skilaði sér. Í matinu voru nemendur beðnir um að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga: 1) Mér fannst kennslan í áfanganum góð 2) Mér fundust verkefnið í áföngunum góð og 3) Mér fannst námsefnið í áfanganum gott.




Mynd 6. Svar nemenda við fullyrðingunni ***Mér fannst kennslan í áfanganum góð***

Í ljós kom að nemendur eru almennt sammála því að kennslan í áföngum sé góð. Af 348 nemendum voru 310 nemendur sammála eða frekar sammála því að kennslan væri góð. Einungis 33 nemendur voru frekar ósammála eða ósammála því að kennslan í áföngum væri góð (mynd 6).



Mynd 7. Svar nemenda við fullyrðingunni ***Mér fundust verkefnið í áföngunum góð***

Nemendur voru almennt sammála því að verkefnið í áföngunum væru góð. 296 nemendur voru sammála eða frekar sammála því að verkefnið í áföngum væru góð en einungis 40 nemendur voru ósammála eða frekar ósammála því að verkefnið væru góð (mynd 7).



Mynd 8. Svar nemenda við fullyrðingunni ***Mér fannst námsefnið í áfanganum gott***

Nemendur voru almennt ánægðir með námsefni áfanga. Af 345 nemendum sem tóku afstöðu til spurningarinnar voru 304 nemendur sammála eða frekar sammála því að námsefni í áföngum væri gott á meðan 39 nemendur voru frekar ósammála eða ósammála fullyrðingunni (mynd 8).

Samkvæmt áfangamati eru nemendur almennt sáttir við fyrirkomulag kennslu, námsefni og verkefni sem lögð eru fyrir. Þó verður að slá þann varnagla á varðandi niðurstöður að skil kennara á áfangamati var einungis 44%.

3 Ytra mat

3.1 Starfsandi í FAS

Á haustönn barst kvörtun í menntamálaráðuneytið þar sem gerðar voru athugasemdir við stjórnun og framkomu skólameistara og samskipti starfsmanna í skólanum. Ráðuneytið óskaði eftir svörum við þeim ávirðingum sem bornar voru fram og í kjölfarið var ákveðið að gera úttekt á vinnuanda í skólanum með áherslu á þátt stjórnenda í að móta hann. Utanaðkomandi sérfræðingur var fenginn til að ræða við alla starfsmenn skólans og hann skilaði síðan skýrslu til ráðuneytisins. Starfsmaður ráðuneytisins kom síðan í skólann í apríl og kynnti niðurstöður, fyrst sérstaklega fyrir stjórnendum og síðan á almennum starfsmannafundi. Niðurstöðurnar voru þær að starfsandinn í skólanum er góður og stjórnun góð. Nokkur atriði þarf þó að laga og eftir kynningarfundinn óskaði ráðuneytið eftir áætlun um endurbætur sem birtist hér fyrir neðan.

Viðbrögð við úttekt á starfsanda í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu:

- *Niðurstöður úttektar verða ræddar á uppgjörsfundi starfsmanna í lok vorannar 2013*
- *Unnin verður viðbragðsáætlun vegna eineltis og hún sett í skólanámskrá á haustönn 2013. Einnig kynnt nemendum og starfsmönnum*
- *Gengið verður frá reglum um meðferð ágreiningsefna; þær kynntar og settar í skólanámskrá á haustönn 2013*
- *Fenginn verði sérfræðingur í samskiptum til að halda stutt námskeið fyrir starfsmenn á haustönn 2013*
- *Stjórnendur munu taka mið af athugasemdum við framkomu þeirra í úttektinni*

3.2 Vímuefnaneysla í FAS

Í febrúar árið 2013 rannsakaði fyrirtækið Rannsókn og greining vímuefnaneyslu framhaldsskólanemenda. Í apríl fékk skólinn niðurstöður úr rannsókninni þar sem staða FAS var borin saman við heildarniðurstöður. Fjögur atriði voru skoðuð. Í fyrsta lagi hlutfall nemenda sem reykja sigarettur daglega. Í 18 skólum reyktu færri en í FAS en í 11 fleiri. Í öðru lagi var skoðað hlutfall þeirra sem höfðu orðið drukknir undanfarna 30 daga. Þar kom FAS mjög illa út því að einungis í tveimur skólum var hlutfallið hærra og í mjög mörgum skólum var hlutfallið umtalsvert lægra. Í 7 skólum var hlutfallið undir 30% en í 6 skólum var það yfir 50% og í FAS um 70%. Staðan varðandi hassneyslu var mun betri því þar var hlutfall nemenda sem hafði prófað neyslu á hassi lægra í 17 skólum en hærra í 12. Best var niðurstaðan í FAS hvað varðar neyslu á marjúana en í 5 skólum var hlutfallið lægra en í 24 hærra og í þeim skóla sem hlutfallið var hæst var það 50% borið saman við 10% í FAS. Málið var kynnt og rætt á uppgjörsfundi starfsmanna á fundi í maí og ákveðið að taka málið upp næsta vetur í tengslum við skipulagningu og framkvæmd stuðnings skólans við félagslíf nemenda.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið farið yfir mat á skólastarfi starfsárið 2012-2013. Sumt gengur vel en annað þarf að laga. Almennt gengur vel að fylgja eftir markmiðum í skólasamningi en fjarhagstaða skólans er þó ekki góð í fyrsta skiptið í mörg ár. Í kennitölum kemur fram að nemendum fækkar og einkunnir á vorönn 2013 eru lægri en oft áður en brottfallið er aftur á móti minna. Unnið er markvisst að því að

auka virkni og vinnu nemenda. Viðhorf fyrrum nemenda til skólans er almennt og áfangamatið á vorönn kom einnig almennt vel út. Starfsandinn í skólanum er góður en áfengisdrykkja nemenda er umfram það sem er í flestum framhaldsskólum. Í heildina er staðan nokkuð góð en fjarhagsstaðan, fækkun nemenda benda þó til þess að blikur séu á lofti.